

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 26

Dags. 23.8.2011

Skipulags og umhverfisnefnd. 26. fundur 23. 08. 2011 kl. 17 00

Mætt eru Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Þórunn Jónsdóttir, Hörður Þór Benónýsson, Guðrún Sigríður Tryggvadóttir og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson sem ritaði fundargerð.

1) Erindi frá Þeistareykjum ehf. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Þess er hér með farið á leit með tilvísan í 13. gr. í skipulags og byggingarlögum nr. 123/2110 að sveitarstjórn Þingeyjarsveitar veiti leyfi fyrir vinnubúðaplani fyrir verkefirlit sem fyrirhugað er að keyra út sumarið 2011 á Þeistareykjum. Dags. 29. 07. 2011.

Nefndin gerir ekki athugasemd við erindið og leggur til við sveitarstjórn að hún veiti framkvæmdaleyfið.

2) Erindi frá Ferðafélagi Húsavíkur.

Ferðafélag Húsavíkur sækir um lóð undir ferðamannaskála í landi Hofa á Flateyjardal. Sótt er um afnot af lóð sem tilgreind er sem tillaga 1 á uppdrætti frá Búgarði dags. 07. 07. 2011. Til vara er sótt um lóð sem tilgreind er sem tillaga 2 á sama uppdrætti. Sent með tölvupósti 09. 08. 2011

Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að hún samþykki erindið að fenginni umsögn Minjavarðar Norðurlands.

3) Umsókn um byggingarleyfi.

Anna Guðrún Aðalsteinsdóttir sækir um leyfi til að byggja frístundahús og gestahús á lóð nr. 2 við Stóru-Tungu í Þingeyjarsveit dags.09. 08. 2011 samkvæmt uppdrætti frá Vígísi Sigurðssyni dags. 02. 08. 2011.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið.

4) Erindi frá Byggingarfulltrúa.

Dags. 22. 08. 2011

Sótt er um að færa hús lítillega út fyrir byggingarreit að Stekkjarbyggð 6 í Fnjóskadal vegna aðstæðna á lóð. Húsið uppfyllir samt sem áður skilyrði um fjarlægð frá lóðarmörkum.

Fyrir liggur samþykki aðliggjandi lóðahafa og landeiganda.

Nefndin telur að um svo lítið frávík sé að ræða frá deiliskipulagi að hún leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið.

Til kynningar.

a) Lögð fram til kynningar umsögn Skipulagsstofnunar 27. 07. 2011 um lýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunnar.

b) Lögð fram til kynningar umsögn umhverfisstofnunnar um efnisstökusvæði á Ljósavatnsmelum. Dags. 04. 08. 2011

c) Lagt fram til kynningar uppdráttur og framkvæmdaleyfi fyrir vatns og fráveituframkvæmdir fyrir frístundabyggðirnar Skógamela og Skógahlíð í landi Skóga dags. 17. 08. 2011

Fundi slitið kl. 19: 15

Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Þórunn Jónsdóttir
Hörður Þór Benónýsson
Guðrún Sigríður Tryggvadóttir
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson